

3b - Hönnun og smíði - Vetur 2020-21

Kennarar: Dóra Vilhelmsdóttir; Margrét Arna Vilhjálmisdóttir

3

Viðfangsefni

Nemendur æfa sig að saga eftir bogadregnum línunum með laufsög.

Byrjað að æfa nemendur í að tjá sig um verkefni sín.

Námsmat

Lagt mat á hvert verkefni fyrir sig, vinnuferli og lokaafurð.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Snæ - Hönnun og smíði - 3. bekkur - Handverk

- Nemandi hafi góð tæk á að saga eftir bogadregnum línunum með laufsög.

Snæ - Hönnun og smíði - 3. bekkur - Menningarlæsi

- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt,
- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum,
- gengið frá eftir vinnu sína,

- **Púsluspil**

Teiknuð mynd á blað sem síðan er yfirfærð á tréspjald. Börnin lita myndina með trélitum og fara í útlínur með svörtu tússi. Spjaldinu snúið við og dregnar bogadregnar línur til að saga eftir(rammi og bútar í púsluspilið). Brúnirnar síðan pússaðar og ramminn límdu á annað spjald.

- **Naglamynd, stafurinn minn.**

Nemandi teiknar stafinn sinn tvöfaldann á blað. Yfirfærir hann síðan á plötu. Pússar brúnir, brennir útlínur stafs, malar plötuna, neglir nagla í útlínur og að lokum strekkir hann teygjur á milli naglanna

- **Bíll**

Nemandi velur sér furukubba. Pússar þá og malar. Límir saman eftirt eigin höfði. Dekk og öxull eru síðan sett undir.

- **Útsögunarverkefni, dýr**

Nemandi velur sér 2 snið af dýrum og teiknar eftir þeim á plötu. Sagar út, pússar og malar eftir smekk. Dýrin að lokum límd á undirstöðu.